

Spekingur vikunnar

1. Hvað heitir þú? Melkorka Mýr.
2. Hvað ertu gömul? 6 ára.
3. Getur þú sagt okkur frá fjölskyldunni þinni?
Eiginlega ekki, veit ekki mikið um hana.
 - a. Hverjir eru í fjölskyldunni þinni? Pabbi, bróðir minn, mamma.. og amma
4. Hvað finnst þér gott að borða? Grjónagraut.
5. Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Teikna mynd handa mömmu.
6. Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? (Hlær) Veit ekki. Jú, vera í fylu auðvitað.
Það finnst öllum það leiðinlegt.
7. Ef þú gætir verið dýr, hvaða dýr myndir þú þá vilja vera? Mús. Mér finnst þær svo sætar.
8. Hver er uppáhalds liturinn þinn? Blár.
9. Hvað finnst þér skemmtilegast að teikna? Tré.
 - a. Af hverju? Mér finnst það bara fallegt. Á sumrin laufgast þau út.
Það er svo gaman á sumrin, týna rusl og svona.
 - b. Týnir þú rusl? Hvað heldurðu! Maður á að vera snyrtilegur við jörðina.
10. Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór? Listamaður.
11. Hvert myndir þú vilja fara í ferðalag? Portúgal. Ég fer þangað í sumar í heila viku.
 - a. Hvað ætlarðu að gera þar? Við verðum nú bara allan tíman að fljúga segir mamma.
12. Af hverju er himininn blár? Það er erfitt að spurja svona. (Hugsar sig um) Það passar bara vel.

